

120
22. des.

L Ö G

um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagaheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

2. gr.

Öll ákvæði, er koma í bága við lög þessi, falla úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

121
22. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestargjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

22. des.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

121

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

122

22. des.

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

123

22. des.

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.